

Haustfundur fulltrúaráðs Brynju leigufélags ses.

26. nóvember 2025

Hásalur – Hátúni 10, Reykjavík

FUNDARGERÐ

1. Fundarsetning

Halldór Sævar Guðbergsson, formaður stjórnar Brynju leigufélags, setur fundinn kl. 15:03 og ávarpar fundargesti.

Úr fulltrúaráði eru mætt: Alma Ýr Ingólfssdóttir formaður fulltrúaráðs, Aðalbjörg Traustadóttir, Ágústa Dröfn Guðmundsdóttir, Eiður Welding, Einar Brandsson, Geirdís Hanna Kristjánsdóttir (á Teams), Guðrún Barbara Tryggvadóttir, Hrönn Stefánsdóttir (á Teams), Ingibjörg Snjólaug Snorra Hagalín (á Teams), Jón Gunnar Benjamínsson (á Teams), Jón Heiðar Jónsson, Jón Stefánsson, María Pétursdóttir, Ólafur Jóhann Borgþórsson, Sigþór Unnsteinn Hallfreðsson (á Teams), Stefanía Traustadóttir, Svavar Kjarrval Lúthersson, Telma Sigtryggsdóttir, Unnur Þöll Benediktsdóttir (á Teams) og Vilhjálmur Hjálmarsson.

Úr stjórn eru mætt: Halldór Sævar Guðbergsson formaður, Halldóra Alexandersdóttir varaformaður, Höskuldur Eiríksson stjórnarmaður og Lilja Dögg Jónsdóttir stjórnarmaður (á Teams) og Fríða Bragadóttir og Jón Heiðar Daðason varamenn.

Þá eru mætt Eva Þengilsdóttir framkvæmdastjóri ÖBÍ, Flóki Ásgeirsson lögmaður, Stefán Vilbergsson, verkefnastjóri hjá i ÖBÍ, Jónas Páll Jakobsson framkvæmdastjóri, Erna Eiríksdóttir fjármálastjóri og Ármann Ólafsson, Guðrún Eggertsdóttir, Kolbrún Arna Villadsen, Kolbrún Sigurjónsdóttir, Unnur Erla Þóroddsdóttir og Sævar Sigurðsson, starfsmenn Brynju leigufélags.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Formaður gerir tillögu um að Eva Þengilsdóttir verði kjörin fundarstjóri og Flóki Ásgeirsson lögmaður verði kjörinn ritari. **Samþykkt.**

Eva Þengilsdóttir tekur við fundarstjórn. Fundarstjóri lýsir því yfir að fundurinn sé lögmætur, boðað hafi verið til hans með lögmætum hætti og meira en helmingur fulltrúa sé mættur til fundarins.

3. Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Jónas Páll Jakobsson, framkvæmdastjóri Brynju leigufélags, kynnir skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra.

4. Horfur um rekstur 2025 – Rekstrar- og fjárfestingaráætlun 2026-2028

Erna Eiríksdóttir, fjármálastjóri Brynju leigufélags, kynnir horfur um rekstur félagsins 2025 og rekstrar- og fjárfestingaráætlun 2026-2028.

5. Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins

Flóki Ásgeirsson lögmaður kynnir tillögu um breytingar á samþykktum félagsins.

Fundarstjóri ber tillögu upp til afgreiðslu. **Samþykkt.**

Fundarstjóri ber breyttar samþykktir upp í heild. **Samþykkt.**

6. Fyrirmyndaríbúðir

Stefán Vilbergsson, starfsmaður aðgengishóps hjá ÖBÍ, kynnir samstarfsverkefni Brynju leigufélags, Nordic og aðgengishóps ÖBÍ um fyrirmyndaríbúðir.

Umræður: Stefanía Traustadóttir spyr um aðkomu að breytingum á byggingarreglugerð. Stefán svarar að ekki hafi verið óskað eftir aðkomu ÖBÍ að starfshópi sem sé nú að störfum. Halldór Sævar Guðbergsson reifar aðkomu Brynju að samvinnuverkefninu. Stefán nefnir að verkefnið sé hugsað sem leiðarljós og eigi ekki aðeins við um nýjar íbúðir heldur einnig eldri íbúðir sem þarf að endurhanna. Jón Heiðar Jónsson nefnir þörf fyrir einstaklingsmiðun þar sem þarfir einstaklinga séu ólíkar.

7. Önnur mál

Fundarstjóri gefur kost á spurningum um erindi framkvæmdastjóra og fjármálastjóra.

Umræður: Svavar Kjarrval spyr um ákvæði í leigusamningum sem banna gæludýrahald og spyr hvort tilefni sé til að rýmka þessi ákvæði. Jónas Páll Jakobsson svarar að þessi mál séu snúin. Reglur um gæludýrahald séu til endurskoðunar hjá félaginu. Eins og staðan sé í dag sé bannákvæði í öllum samningum og gæludýrahald ekki leyft. Eiður Welding spyr um skráningu leigjenda á matshluta fasteigna. Fram kemur að í Hátúni séu fjölmargar íbúðir skráðar á sama fastanúmer. Sævar Sigurðsson svarar að verið sé að vinna að því að skipta húsinu í matshluta og fá sérstakt fastanúmer fyrir hverja íbúð.

8. Fundarlok

Fundarstjóri leggur til að fundarstjóri og fundarritari fái heimild til að ganga frá og staðfesta fundargerð. **Samþykkt.**

Framkvæmdastjóri ávarpar fundargesti í lok fundar.

Fundi slitið kl. 17:04

Eva Þengilsdóttir
(rafræn undirskrift)

Flóki Ásgeirsson
(rafræn undirskrift)

Undirritunarsíða

Eva Þengilsdóttir

Flóki Ásgeirsson